

Nd.

852. Breytingartillögur

[10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (GísIG).

1. Við 3. gr. Á eftir 1. tölul. greinarinnar komi nýr tölul., svo hljóðandi:
Að reisa allt að 130 MW raforkuver í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða raforkuver í Skjálfafljóti við Íshólsvatn ásamt aðalorkuveitum, enda liggja ekki fyrir lögleg ákvörðun um, að Rafmagnsveitur ríkisins eða norðlenskur virkjunaraðili annist þessar framkvæmdir.
2. Við 4. gr. Orðin „í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá“ falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá“ komi virkjana.
4. Á eftir 5. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (6. gr.) Ríkisstjórnin lætur endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku, og skulu tillögur um breytingar á þeirri löggjöf lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 1972.
 - b. (7. gr.) Að því skal stefnt, að fyrirtækið Landsvirkjun verði annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, er þess óska, í réttu hlutfalli við fólksfjölda.
 - c. (8. gr.) Að því skal stefnt, að raforka til sams konar nota verði sem fyrst seld á sama verði um land allt.